Svipmyndir úr daglegu lífi

Ingunn Eydal sýnir á Kjarvalsstöðum

„Nei, ég kem ekki til með að sleppa grafíkinni þó ég hafi aðallega unnið í olíu á þessu ári", sagði Ingunn Eydal, myndlistarmaður, sem í dag, laugardag, opnar sína fyrstu málverkasýningu á Kjarvalsstöðum.


Ingunn nam grafík við Myndlista- og handíðaskólann og hefur tekið þátt í um 50 grafíksýningum hér heima og víða erlendis. Fyrsta málverkasýning Ingunnar, þar sem gefur að líta rúmlega 40 olíumálverk, er haldin í tilefni þess að hún fékk starfslaun Reykjavíkurborgar ásamt Messíönnu Tómasdóttur árið 1983.

Myndefni Ingunnar er sótt í nánasta umhverfi hennar og daglegt líf hvar sem er í heiminum. Ingunn sagðist nánast hafa málað sig út úr eldhúsinu. „Ég á fimm börn", sagði hún, „og hef verið bundin yfir barnauppeldinu í mörg ár. Það er merkilegt hvað það truflaði mig lítið, – ég var að laumast til að vinna í eldhúsinu meðan allt var á fullu í kringum mig. Fyrst þegar ég fékk frið og ró, börnin fóru í vinnu og á dagheimili, þá var það þögnin sem truflaði mig!"

Ingunn sagði starfslaunin hafa komið að góðum notum, en hins vegar væru þau ekki há og þyrftu að vera fleiri á hverju ári. „Tíminn verður að leiða í ljós hvað þetta þýðir fyrir mig sem myndlistarmann", sagði hún, „ég kem til með að byggja á því sem ég hef verið að vinna að á þessu ári. Ég kem ekki til með að sleppa grafíkinni, það er gott að svissa á milli."

Sýningin verður opnuð í hálfum austursal Kjarvalsstaða á laugardag kl. 14 og verður opin fram til 4. desember kl. 2-22 alla daga.

–ÁI



Stór og litsterk málverk Ingunnar eru frábrugðin grafíkverkum hennar sem flestir þekkja. Ljósm. – Magnús.

MARAKESH
Berber-teppi
349 kr./m²
staðgreitt
60% ull og 40% acryl.
Skymsamlegustu teppakaupin.
Dæmi: Á 30 m² íbúð staðgreitt aðeins 10.470,-
30 litir í Berber-teppum.
Staðgreiðsluafsláttur – Greiðsluskilmálar
TEPPALAND
Grensásvegi 13, símar 83577 og 83430.

GISTIHÚSIÐ
VIÐ BLÁA LÓNIÐ
Svartsengi við Grindavík. Sími 92-8650.



Höfum opnað. Bjóðum alla gesti velkomna.
Bjóðum upp á gistingu og góðar veitingar á góðu verði.
Verið velkomin.
Þórður Stefánsson
gistihússtjóri.